

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. febrúar 2023
UST202301-332/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Klif í Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 varðandi Klif.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að á uppdrætti verður frístundasvæðið F49 (Spóastaðir) tvískipt og mun minnka um tæplega 3 ha er nemur lóðunum á Klif og verður Klif skilgreint sem landbúnaðarland á uppdrætti.

Auk þess er gerð breyting á skilmálum varðandi uppbyggingu á landbúnaðarlandi þar sem segir: „heimiluð er uppbygging á landspildum áð jafnaði 3 ha eða stærri (smábýli) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða enda styrkir það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðum landbúnaðarsvæðum eða verndarsvæðum,“ en áður stóð heimiluð er uppbygging á landspildum „áð lágmarki 3 ha að stærð.“

Umhverfisviðmið – Náttúruminjaskrá

Í umhverfismati er *Náttúruminjaskrá* sem viðmið undir umhverfisþættinum *Minjar og verndarsvæði* í töflu 2 á bls. 8. Umhverfisstofnun bendir á að svæði sem skipulagsbreytingin nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Brúará og Brúarskörð og er númer 739 og flokkast sem aðrar náttúruminjar og er svæðið sýnt á uppdrætti aðalskipulagsins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um svæðið í kafla 2.1 *Staðhættir* í greinargerð.

Auk þess þarf að hafa *Mikilvægt fuglasvæði* og *Bernarsamninginn* sem viðmið undir umhverfisþættinum *Gróður og dýralíf* þar sem svæðið er á mikilvægu fuglasvæði og á svæðinu eru vistgerðir sem falla undir Bernarsamninginn.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur